

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1285  
komudagur 22.1. 2013



Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akranesi 22.1.2013  
Tilvísun: V201301025

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál**


Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 17. janúar 2013 þar sem óskað er eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin veiti umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál.

Í frumvarpinu er Landmælingum Íslands ætlað ákveðið hlutverk við öflun og miðlun upplýsinga um vegi og vegslóða og byggir eftirfarandi umsögn því á umfjöllun um þau atriði.

1. Í 31. og 32. grein frumvarpsins er fjallað um aðgerðir stjórnvalda til að hamla gegn akstri utan vega og koma skýrum skilaboðum til íslenskra og erlendra ferðamanna um vegi og slóða á Íslandi sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Um er að ræða stórt og mikilvægt verkefni sem tengist mjög mörgum, ekki síst þar sem gert er ráð fyrir verulegri fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands á næstu árum. Landmælingar Íslands fagna þessu frumvarpi og telur stofnunin að hér sé á ferðinni mikilvægt skref í þá átt að stýra umferð um landið til að koma í veg fyrir óafturkræf náttúruspjöll.
2. Í 25. grein frumvarpsins er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar til að takmarka umferð eða loka afmörkuðum svæðum. Varðandi þetta atriði telja Landmælingar Íslands mikilvægt að stofnuninni verði tilkynnt af hálfu Umhverfisstofnunar um þessar breytingar þannig að hægt sé að uppfæra vegagagnagrunninn áður en til auglýsingar um takmörkun eru birtar þannig að hann endurspegli raunveruleikann, enda er lögð áhersla í skýringum á að vegagagnagrunnurinn sé réttarheimild um vegi og vegslóða sem heimilt sé að aka. Það sama á við um kafla VII, Friðlýsing svæða, þ.e. að Umhverfisstofnun verði gert skylt að tilkynna Landmælingum Íslands um friðlýsingar.
3. Í 32. gr. 4. mgr. frumvarpsins er fjallað um skyldur kortaútgefenda til að nota vegagagnagrunn Landmælinga Íslands í sínum útgáfum. Að mati Landmælinga Íslands er þörf á að skýra þetta atriði betur eigi tilgangur með greininni að nást fram án ágreinings síðar. Kortaútgáfa er í dag með ýmsu móti, allt frá kortagögnum sem fengin eru í rauntíma frá tölvuþjónum Landmælinga Íslands og til kortabóka sem gefnar eru út með uppfærslu á 5 – 10 ára fresti. Þarna þarf a.m.k. að setja kröfu um að kortaútgefendur gefi upp útgáfunúmer eða dagsetningu vegagagnagrunns og þá tilvísun í hvert leita beri nýjustu upplýsinga. Einnig þarf mögulega að skýra betur hvernig kortaútgefendur eiga að snúa sér þegar þeir prenta kort eða kortabækur á lager til nokkurra ára í senn og þessi lager verður í raun úreltur vegna breytinga og ekki hæfur til sölu eða dreifingar.

4. Þar sem Landmælingar Íslands fá nýtt hlutverk við gerð og miðlun kortagrunns og vegi og slóða skv. frumvarpinu má velti þeirri spurningu fyrir sér hvort ekki eigi að vera bein tenging í þetta nýja verkefni í lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006 líkt og gert var þegar lög um grunngerð landupplýsinga nr. 44/2011 voru sett í maí 2011.
5. Landmælingar Íslands leggja áherslu á að nýjar aðgerðir og verkefni sem tengjast greinum 31 og 32 í frumvarpinu kosta ný útgjöld sem falla á stofnunina, allt að 20 milljónir á ári. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir fjármögnun þessara nýju verkefna, verði frumvarpið að lögum. Í stórum dráttum er um að ræða kostnað vegna bílaleigubíla, sérfræðipjónustu á sviði upplýsingatækni, leigu á hugbúnaði og loftmyndum og vinnu- og ferðakostnaðar vegna mælinga á vegum og slóðum.

Bestu kveðjur



Magnús Guðmundsson  
forstjóri Landmælinga Íslands